

Alþingi
Erindi nr. P 139/2234
komudagur 4.5.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



2. maí 2011

Umsögn frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál.

Landvernd hefur kynnt sér ofangreint frumvarp er varðar breytingu á ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er snúa að heimildum opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum. Um er að ræða styttingu afnotaréttar.

Samtökin telja þetta skynsamlega breytingu. Þegar auðlindalögin voru í frumvarpi lagði Orkustofnun til 30 ára leigutíma fyrir jarðhita en orkufyrirtækin fengu því breytt. Margt mælir þó með því að stytta afnotarétt úr 65 árum í 40 í vatnsafl og 30 í jarðhita, með forgangsrétti til framlengingar um 20 ár ekki er talið hagstæðara að leigja til annarra nota, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Orkufyrirtækin munu ekki fagna þessari breytingu en mannvirki þeirra ættu að vera afskrifuð eða þau yrðu keypt á matsverði ef/þegar leigu er sagt upp. Breytingin hefur þann kost að nýta mætti auðlindina til nýrra þarfa eða fá fyrir hana hærri leigu. Þetta verður mikilvægt ef orkuverð hækkar. Sérstaklega telja samtökin þetta nauðsynlega breytingu ef erlendir aðilar eiga að fá rétt til að nýta auðlindirnar, annað hvort með kaupum á raforku frá innlendum orkufyrirtækjum eða sem eigendur orkufyrirtækja. Orkufyrirtækin munu halda fram að þetta geri þeim ómögulegt að gera langa og hagkvæma orkusölusamninga. Það verður að sannast áður en trúað er.

Landvernd mælir með að frumvarpið verði samþykkt.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Landverndar,

Björgólfur Thorsteinsson
formaður Landverndar